

## Á ferð um Krísuvíkurbjarg

Mörgum þykir gaman að ganga meðfram sjó og fylgjast með hreyfingum úthafsöldunnar, heyra öldugjálfrið við fjörusteininn eða hlusta á brimniðinn og sjá öldufaldana þeytast hátt í loft upp eftir fangbrögðin við hina brimsorfnu kletta. Við slíkar sýnir er unnt að dvelja löngum stundum. Þeim fylgir einhver seiðandi kraftur sem lætur fáa ósnortna, sem hafinu hafa kynnst á annað borð.

Í nágrenni höfuðborgarinnar er víða unnt að kynnst hafinu á þennan hátt, en samt er óhætt að fullyrða að sá staður er vandfundinn þar sem leikur þess er stórkostlegri en undir Krísuvíkurbjargi. Í þessum pistli leggjum við leið okkar á þær slóðir.

Fyrir sunnan byggðina í Krísuvík er landið flatt og greiðfært yfirferðar. Það nefnist Krísuvíkurheiði og liggur hún milli Ögmundarhrauns að vestan og Krísuvíkurhrauns að austan. Syðsti hluti heiðarinnar nær fram að sjó. Þar endar hún í þverhnýptu bjargi, sem víða er allt að 40 m hátt.

Við yfirgefum bílinn hjá gamalli fjárrétt, sem er neðan við veginn gegnt Geitahlíð. Gígurinn Stóra-Eldborg er ofan við veginn. Þangað skulum við fara í upphafi göngunnar, skoða gíginn og hrauntröðina sem frá honum liggur og endar fyrir þeðan veg. Í enda traðarinnar hefur réttin verið hlaðin og mynda traðarbarmarnir réttarveggina að nokkru leyti. Frá réttinni tókum stefnuna niður á bjarg og höfum Krísuvíkurhraun á vinstri hönd. Það hraun hefur runnið frá eldvörpunum sunnan undir Geitahlíð, bæði Stóru- og Litlu-Eldborg og mun vera nokkur þúsund ára gamalt. Það hefur runnið í sjó fram við svonefnda Keflavík og aukið þar að nokkru við landið.

Þegar komið er fram á bjargbrún tókum við stefnuna vestur eftir bjarginu. Brún þess er grasi gróin og mjög greiðfær yfirferðar. Ætti gangan því að sækjast greitt, en hætt er við að hún verði nokkuð tafsöm, því það er svo ótal margt sem vekur forvitni og krefst nánari skoðunar. Fyrri hluta sumars er bjargið kvíkt af fugli og bera bjargsillurnar þess glögg merki. Þar er svartfuglinn mest áberandi auk ritunnar. Þarna er þröng á þingi og bjargbúarnir háværir, og þegar “söngur” þeirra blandast við sjávarniðinn hljómar svo sannarlega stef úr “Íslands lagi”. En lögun og gerð bjargsins er ekki síður athyglisverð, því þar liggur hvert grágrýtislagið ofan á öðru og gefa þau glöggt til kynna innri gerð bjargsins og lagskiptingu þess. Þessi landmyndun hefur tekið þúsundir ára.

Margir halda að vatn sé ekki að finna á bjarginu, en það er ekki rétt. Lítil lækur verður brátt á leið okkar. Hann heitir Eystrilækur og á upptök í Bleiksmýri austan undir Arnarfelli. Hann fellur fram af bjargbrúninni beeint ofan í sjó í lóðréttum fallegum fossi. Er sá foss sannarlega auganyndi.

Nokkru vestan við fossinn komum við að litlum vita, er stendur frammi á bjargbrún. Þar er tilvalið að setjast niður og fá sér bita af nestinu, því drjúgur spölur er enn eftir af göngunni.

En svo breytir bjargið um svip. Hin lagskiptu berglög hverfa um stund, en við tekur slétt berg með rauðum gjallögum inn á milli. Þetta er suðurhluti Skriðunnar, en svo nefnist smá hæð, sem gengur fram að sjó nokkru fyrir vestan vitann. Skriðan er forn eldstöð. Öldurnar hafa sorfið og fægt þann hluta hennar, sem veit að hafinu. Og þar á einum stað er einstigi. Þá er farið eftir tæpum, skáhallandi sillum alla leið ofan í fjöru. Er þessi leið ekki fýsileg fyrir lofthædda. Þetta einstigi heitir Ræningjastígur. Segir þjóðsagan að forðum daga hafi Tyrkir komið þar að landi og gengið upp á bjargið eftir þessu einstigi. Þaðan héldu þeir heim að Krísuvíkurbæ og hugðust vinna

þar hervirki. En svo vel vildi þá til að galdraklerkurinn kunni, Eiríkur í Vogsósum var þar staddur. Er hann sá þennan voða nálgast beitti hann kunnáttu sinni með þeim afleiðingum að Tyrkirnir réðust hver á annan og endaði sú rimma á þann veg að þeir lágu allir dauðir eftir. Nú liggur festi niður stíginn þeim til styrktar er hyggja á fjöruferð.

Vestan við Skriðuna er Hælsvík og þar fyrir ofan er Selalda og Strákar. Selalda er forn eldstöð eins og Skriðan, en Strákar eru veðraðir bergdrangar, allsérkennilegir að gerð.

Á sléttum bala vestan við Stráka eru rústir af eyðibýlinu Fitjum. Standa veggir þess furðu vel og er fróðlegt að virða þar fyrir sér húsaskipan á kotbýli frá fyrri tímum.

Þessari leiðarlýsingu lýkur hjá Fitjum. Að vísu er bjargið vestan við Hælsvík skoðunarvert og ekki myndi það spilla fyrir að skreppa og skoða Húshólmann í Ögmundarhrauni og virða fyrir rústirnar sem þar eru. Þær eru af býli, sem þar stóð forðum, en fór að mestu undir hraunið, þegar það rann um 1340 að talið er. Húshólminn kallar á aðra ferð, sem rétt er að sinna síðar.

Frá Fitjum göngum við beint yfir Krísuvíkurheiðina og að bílnum, sem bíður okkar hjá gömlu réttinni neðan undir Stóru- Eldborg. Með þessum hætti tekur öll ferðin 5-6 klst. og er þá rólega farið.

(Mbl. 21. ágúst 1982)